

B 319/præsidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
ráðherranefndartillögu
um norrænt samstarf um norðurskautssvæðið – samstarfsáætlun Norrænu
ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins árin 2018-2021

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi í framkvæmd viðmiðunarreglunum fyrir samstarfsáætlun
Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins árin 2018-
2021.

Aðdragandi

Norræna ráðherranefndin hefur haft samstarfsáætlun um málefni
norðurskautssvæðisins síðan 1996 og áætlunin árin 2018-2021 er sú sjöunda í röðinni.

Lykilmarkmið samstarfsáætlunarinnar árin 2018-2021 er að koma til móts við
sértækar þarfir norðurskautssvæðisins og að stuðla að sjálfbærri þróun
norðurskautssvæðisins. Hér gegna áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um
Dagskrá 2030 og 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna lykilhlutverki.

Samstarfsáætlunin beinir einkum sjónum að eftirfarandi sjálfbærnimarkmiðum SP:

- Nr. 3 um góða heilsu
- Nr. 4 um menntun fyrir alla
- Nr. 5 um jafnrétti kynjanna
- Nr. 6 um hreint vatn og salernisaðstöðu
- Nr. 7 um sjálfbæra orku
- Nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt
- Nr. 9 um nýsköpun og uppbyggingu
- Nr. 11 um sjálfbærar borgir og samfélög
- Nr. 12 um ábyrga neyslu
- Nr. 13 um verndun jarðarinnar
- Nr. 14 um líf undir vatni



- Nr. 15 um líf á landi
- Nr. 16 um frið og réttlæti
- Nr. 17 um alþjóðlega samvinnu

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins er fjárliður 1-0870 í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, á vegum MR-SAM, norrænu samstarfsráðherranna. Í tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2018 er ráðstafað 9.024.000 dönskum krónum í þessum tilgangi. Norræna samstarfsnefndin (NSK) ráðstafar fjárveitingum.

Fjárhagsáætlun samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins skiptist í tvo almenna hluta: Í fyrsta lagi er pólitískur forgangshluti sem veitir löndunum forgangsrétt og tækifæri til að hrinda af stað pólitískum forgangsverkefnum. Í öðru lagi er opinn umsóknarhluti sem er opinn öllum umsækjendum sem uppfylla markmið áætlunarinnar og uppfylla þau skilyrði sem sett eru hverju sinni.

Meginreglan er sú að þrjú norræn ríki eigi að taka þátt í samstarfsverkefni. Samstarfshóp þriggja norrænna ríkja má einnig stækka með einu eða fleiri þriðju löndum, til dæmis einu eða fleiri af hinum norðurskautsríkjanna, Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi.

Árið 2016 var veittur styrkur til 24 verkefna í opnu umsóknarlotunni að upphæð sem nam 6,2 milljónum danskra króna af árlegri fjárveitingu að upphæð 8,8 milljónir danskra króna í núverandi samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins árin 2015–2017.

Meginábyrgðin á framkvæmd og umsjón með samstarfsáætluninni um málefni norðurskautssvæðisins er í höndum samstarfsráðherranna en samkvæmt áætluninni er hægt að skipa norræna ráðgjafarnefnd um málefni norðurskautssvæðisins sem getur veitt aðstoð við árlega framkvæmd áætlunarinnar. Umsjón með opnu umsóknarlotunni má einnig útvista.

Sjónarmið nefndarinnar

Forsætisnefndin lýsir yfir ánægju með að Norræna ráðherranefndin skuli leggja áherslu á málefni norðurskautssvæðisins með hagnýtri samstarfsáætlun með fjárlið sem nemur 9 milljónum danskra króna.

Forsætisnefndin telur líka að það sé við hæfi að sjálfbærnimarkmið SP birtist með svo skýrum hætti í áætluninni.

Norðurlandaráð hefur unnið að því að sjálfbærnimarkmiðin verði sýnileg í norrænu samstarfi, bæði inn á við og út á við á alþjóðavettvangi.

Norðurskautssvæðið er líka eitt af þremur helstu áherslusviðum Norðurlandaráðs samkvæmt nýrri stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum árin 2018–2022.



Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins árin 2018–2021 er því í samræmi við áherslusvið Norðurlandaráðs. Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Reykjavík, 20. september 2017

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Oddný G. Harðardóttir (A)

Phia Andersson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Robert Halef (KD)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)